

Hitaveita Suðurnesja hf.
Samandreginn árshlutareikningur
30. júní 2008

Hitaveita Suðurnesja hf.
Brekkestíg 36
260 Reykjanesbær

Kt. 680475-0169

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjórnar	3	Eiginfjáryfirlit	7
Könnunaráritun óháðs endurskoðanda	4	Sjóðstreymisyfirlit	8
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	9
Efnahagsreikningur	6		

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjórnar

Samandreginn árshlutareikningur Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008 er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34.

Samkvæmt rekstrarreikningi námu rekstrartekjur félagsins 3.938 millj. kr. og hagnaður þess var 979 millj. kr. Samkvæmt efnahagsreikningi námu eignir félagsins 52.431 millj. kr. í lok júní 2008. Eigið fé nam 28.058 millj. kr. eða 53,5% af heildarfjármagni. Þetta hlutfall var 54,3% í ársbyrjun.

Í byrjun árs voru rekstrarfjármunir félagsins endurmetnir til gangvirðis þannig að bókfært virði virkjana, dreifikerfis og fasteigna var hækkað um 8.945 millj. kr. og eigið fé um 7.603 millj. kr.

Í maí 2008 voru samþykkt á Alþingi lög á auðlinda- og orkusviði. Samkvæmt lögnum ber meðal annars að aðskilja formlega í sérstökum félögum einkaleyfisstarfsemi félagsins og samkeppnisstarfsemi. Samkeppnisstarfsemi er framleiðsla og sala á raforku. Þessi aðskilnaður þarf að hafa farið fram fyrir 1. júlí 2009. Stjórn félagsins hefur hafið undirbúning að skiptingu félagsins.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdarstjórnar

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og og framkvæmdastjórnar er samandreginn árshlutareikningur félagsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu og er það álit stjórnar og framkvæmdastjórnar að árshlutareikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum og fjárhagsstöðu félagsins 30. júní 2008 og rekstrarafkomu þess og breytingu á handbæru fé á tímabilinu 1. janúar til 30. júní 2008.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjórnar að árshlutareikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glöggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins, stöðu þess og lýsi helstu áhættuþáttum og óvissu sem félagið býr við.

Stjórn og framkvæmdastjórn Hitaveitu Suðurnesja hf. hafa í dag rætt árshlutareikning félagsins fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjanesbæ, 29. ágúst 2008

Stjórn:

Árni Sigfússon, stjórnarformaður

Ásgeir Margeirsson, varaformaður

Björk Guðjónsdóttir, ritari

Glúmur Jón Björnsson

Eysteinn Jónsson

Magnús Bjarnason

Forstjóri:

Júlíus Jónsson

Aðstoðarforstjóri:

Albert Albertsson

Könnunaráritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Hitaveitu Suðurnesja hf.

Við höfum kannað meðfylgjandi samandreginn árs hlutareikning Hitaveitu Suðurnesja hf. fyrir tímabilið 1. janúar til 30. júní 2008, sem hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, eiginfjáryfirlit, sjóðstreymisyfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar. Stjórnendur félagsins eru ábyrgir fyrir gerð og glöggri framsetningu árs hlutareikningsins í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu. Ábyrgð okkar felst í ályktun okkar um árs hlutareikninginn og er byggð á könnuninni.

Umfang könnunar

Könnun okkar var unnin í samræmi við alþjóðlegan staðal ISRE 2410 um *Könnun óháðs endurskoðanda á árs hlutareikningum*. Könnun árs hlutareiknings felur í sér fyrirspurnir, einkum til starfsmanna sem eru ábyrgir fyrir fjármálum og reikningsskilum, ásamt greiningum og öðrum könnunaraðgerðum. Könnun felur ekki í sér jafn víðtækar aðgerðir og endurskoðun sem unnin er í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla og er því ekki víst að við fáum vitneskju um öll mikilvæg atriði sem gætu komið í ljós við endurskoðun. Þar af leiðandi látum við ekki í ljós álit um endurskoðun.

Ályktun

Við könnun okkar kom ekkert fram sem bendir til þess að árs hlutareikningurinn gefi ekki glögga mynd af afkomu félagsins á tímabilinu, fjárhagsstöðu þess 30. júní 2008 og breytingu á handbæru fé á tímabilinu, í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla eins og þeir hafa verið staðfestir af Evrópusambandinu.

Reykjanesbæ, 29. ágúst 2008

KPMG hf.

Sæmundur Valdimarsson

Kristrún H. Ingólfssdóttir

Rekstrarreikningur 1. janúar til 30. júní 2008

	Skýr.	2008 1.1.-30.6.	2007 1.1.-30.6.
Rekstrartekjur		3.938.203	3.344.470
Framleiðslukostnaður og kostnaðarverð sölu	(2.368.512)	(2.106.276)
Vergur hagnaður		1.569.691	1.238.194
Aðrar tekjur		1.896	636.029
Annar rekstrarkostnaður	(419.039)	(257.256)
Rekstrarhagnaður		1.152.548	1.616.967
Fjármunatekjur		9.269	1.644.740
Fjármagnsgjöld	(4.606.344)	(213.193)
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiða í raforkusölusamningum		4.914.515	514.773
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	6	317.440	1.946.320
Áhrif hlutdeildarféлага	(264.308)	10.979
Hagnaður fyrir tekjuskatt		1.205.680	3.574.266
Tekjuskattur	7	(226.368)	(610.575)
Hagnaður tímabilsins		979.312	2.963.691
Hagnaður á hlut:			
Grunnhagnaður og þynntur hagnaður á hlut		0,13	0,40

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Efnahagsreikningur 30. júní 2008

	Skýr.	30.6.2008	31.12.2007
Eignir			
Rekstrarfjármunir	8	40.327.432	29.318.493
Rekstrarfjármunir í byggingu	8	1.257.049	544.277
Óefnislegar eignir		1.008.184	982.495
Eignarhlutir í hlutdeildarfélögum		217.721	482.029
Eignarhlutir í öðrum félögum		193.068	564.535
Afleiðusamningar		6.742.182	2.530.482
Tekjuskattseign		0	459.734
Fastafjármunir samtals		49.745.636	34.882.045
Rekstrarvörubirgðir		452.769	360.799
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakröfur		1.099.385	1.106.981
Afleiðusamningar		1.113.506	410.692
Handbært fé		19.636	29.751
Veltufjármunir samtals		2.685.296	1.908.223
Eignir samtals		52.430.932	36.790.268
Eigið fé			
Hlutfé		7.454.816	7.454.816
Lögbundinn varasjóður		1.863.704	1.863.704
Endurmatsreikningur		7.602.831	0
Óráðstafað eigið fé		11.136.930	10.657.618
Eigið fé samtals		28.058.281	19.976.138
Skuldir			
Vaxtaberandi skuldir	9	16.584.377	11.803.786
Tekjuskattsskuldbinding		1.274.312	0
Lífeyrisskuldbinding		1.149.698	1.063.173
Fyrirfram innheimtar tekjur		562.644	519.107
Langtímaskuldir samtals		19.571.031	13.386.066
Vaxtaberandi skuldir	9	1.289.969	851.611
Viðskiptaskuldir aðrar skammtímaskuldir		3.323.670	2.234.145
Tekjuskattur til greiðslu		128.389	294.392
Fyrirfram innheimtar tekjur		59.592	47.916
Skammtímaskuldir samtals		4.801.620	3.428.064
Skuldir samtals		24.372.651	16.814.130
Eigið fé og skuldir samtals		52.430.932	36.790.268

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Eiginfjáryfirlit 30. júní 2008

	Hlutfé	Lögbundinn varasjóður	Endurmats- reikningur	Óráðstafað eigið fé	Samtals
1. janúar - 30. júní 2007					
Eigið fé 1. janúar 2007	7.454.816	1.863.704	0	7.577.545	16.896.065
Hagnaður tímabilsins				2.963.691	2.963.691
Úthlutaður arður, 0,056 kr. á hlut				(400.000)	(400.000)
Eigið fé 30. júní 2007	7.454.816	1.863.704	0	10.141.236	19.459.756
1. janúar - 30. júní 2008					
Eigið fé 31. desember 2007	7.454.816	1.863.704	0	10.657.618	19.976.138
Hagnaður tímabilsins				979.312	979.312
Endurmat rekstrarfjármuna			8.944.507		8.944.507
Tekjuskattsáhrif af endurmati			(1.341.676)		(1.341.676)
Úthlutaður arður, 0,067 kr. á hlut				(500.000)	(500.000)
Eigið fé 30. júní 2008	7.454.816	1.863.704	7.602.831	11.136.930	28.058.281

Skýringar á blaðsíðum 9 til 15 eru óaðskiljanlegur hluti árshlutareikningsins.

Skýringar

1. Félagið

Hitaveita Suðurnesja hf. ("Félagið") er íslenskt hlutafélag og er lögheimili þess að Brekkustíg 36 í Reykjanesbæ. Félagið annast framleiðslu og sölu til neytenda á heitu vatni og raforku, ferskvatnsöflun fyrir íbúa Suðurnesja og Vestmannaeyja, auk þess að selja jarðgufu til iðnaðar.

2. Yfirlýsing um að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum sé fylgt

Árshlutareikningur félagsins er gerður í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal um árshlutareikninga, IAS 34. Samandreginn árshlutareikningur Hitaveitu Suðurnesja hf. inniheldur ekki allar þær upplýsingar sem krafist er í fullbúnum ársreikningi og ætti að lesa í samhengi við ársreikning félagsins fyrir árið 2007.

Stjórn félagsins staðfesti árshlutareikninginn þann 29. ágúst 2008.

3. Mikilvægar reikningsskilaaðferðir

Við gerð árshlutareikningsins er beitt sömu reikningsskilaaðferðum og beitt var við gerð ársreiknings félagsins fyrir árið 2007, að öðru leyti en því sem fram kemur hér á eftir um endurmat rekstrarfjármuna og breytingar á áætluðum nýtingartíma þeirra. Hægt er að nálgast ársreikninginn hjá félaginu eða á vef þess www.hs.is og á vef Kauphallar Íslands; www.omxnordicexchange.com.

Virkjanir, dreifikerfi og fasteignir félagsins eru frá og með 1. janúar 2008 skráðar á endurmetnu verði í efnahagsreikningnum sem er gangvirði þeirra á endurmatsdegi að frádregnum afskriftum frá endurmatsdegi. Endurmat þessara eigna verður unnið með reglubundnum hætti. Allar verðmatshækkunar vegna þessa endurmats eru færðar á endurmatsreikning meðal eigin fjár að teknu tilliti til tekjuskattsáhrifa. Afskriftir af endurmetna verðinu eru færðar í rekstrarreikning. Við sölu eignar, eða þegar hætt er að nota hana, er sá hluti endurmatsreikningsins sem tilheyrir eigninni færður á óráðstafað eigið fé.

Áætlaður nýtingartími rekstrarfjármuna greinist þannig:

Orkuver	40 ár
Borholur	20 ár
Rafveitukerfi	50 ár
Hitaveitu- og ferskvatnskerfi	50 ár
Fasteignir	50 ár
Aðrir rekstrarfjármunir	5 - 20 ár

Tilteknar samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi og sjóðstreymi hafa verið endurgerðar frá síðasta árshlutareikningi til samræmis við framsetningu og beitingu reikningsskilaaðferða í ársreikningi 2007 (sjá skýringu 11).

Árshlutareikningurinn er gerður í íslenskum krónum, sem er starfrækslugjaldmiðill félagsins, og eru fjárhæðir birtar í þúsundum. Hann byggir á upphaflegu kostnaðarverði, að því undanskildu að eignarhlutir á gangvirði gegnum rekstrarreikning og afleiðusamningar eru færðir á gangvirði.

4. Mat og ákvarðanir

Gerð árshlutareikninga í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla krefst þess að stjórnendur taki ákvarðanir, meti og gefi sér forsendur sem hafa áhrif á beitingu reikningsskilaaðferða og birtar fjárhæðir eigna, skulda, tekna og gjalda. Endanlegar niðurstöður kunna að verða frábrugðnar þessu mati.

Skýringar, frh.

5. Starfsþáttayfirlit

Starfsþáttaupplýsingar eru birtar eftir rekstrarsviðum félagsins samkvæmt skipulagi og innri upplýsingagjöf félagsins.

Rekstrarstarfsþættir

	Framleiðsla	Raforkusala	Raforkudreifing	Heitt vatn sala og dreifing	Ferskt vatn sala og dreifing	Leiga og þjónusta	Jöfnunar- færslur	Samtals
Tímabilið 1. janúar - 30. júní 2008								
Tekjur frá viðskiptamönnum	1.367.995	906.488	825.809	615.066	159.403	65.338		3.940.099
Innri sala	735.659	47.200	68.485	633	1.138		(853.115)	0
Tekjur samtals	2.103.654	953.688	894.294	615.699	160.541	65.338	(853.115)	3.940.099
Rekstrarafkoma starfsþátta	901.914	78.604	84.718	34.640	54.589	(1.917)		1.152.548
Eignir starfsþátta 30.06.2008	33.670.517	28.172	9.881.157	4.284.686	2.103.958	479.863		50.448.353
Tímabilið 1. janúar - 30. júní 2007								
Tekjur frá viðskiptamönnum	1.036.367	761.730	740.622	1.168.002	127.010	146.768		3.980.499
Innri sala	566.265						(566.265)	0
Tekjur samtals	1.602.632	761.730	740.622	1.168.002	127.010	146.768	(566.265)	3.980.499
Rekstrarafkoma starfsþátta	683.222	(20.239)	148.867	665.501	34.980	104.636		1.616.967
Eignir starfsþátta 31.12.2007	25.658.621	10.171	4.748.604	1.654.820	1.274.269	439.954		33.786.439

Skýringar, frh.:

6. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

	2008	2007
	1.1.-30.6.	1.1.-30.6.
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:		
Vaxtatekjur	9.269	9.071
Gengishagnaður	0	1.635.669
Fjármunatekjur samtals	9.269	1.644.740
Vaxtagjöld	413.220	226.876
Gengistap	4.227.549	0
Eignfærður fjármagnskostnaður	(34.425)	(13.683)
Fjármagnsgjöld samtals	4.606.344	213.193
Breyting á gangvirði afleiða vegna styttingar á líftíma þeirra	(197.390)	(412.356)
Breyting á gangvirði afleiða vegna breytinga á markaðsverði áls	3.209.778	1.542.825
Breyting á gangvirði afleiða vegna breytinga á vöxtum	162.230	(191.181)
Breyting á gangvirði afleiða vegna breytinga á gengi USD gagnvart ISK	1.739.897	(424.515)
Gangvirðisbreytingar innbyggðra afleiðna í raforkusölusamningum	4.914.515	514.773
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	317.440	1.946.320

7. Tekjuskattur

Virkt tekjuskattshlutfall félagsins á fyrri helmingi ársins 2008 var 18,8% (17,1% á sama tímabili árið 2007). Breyting á virku tekjuskattshlutfalli stafar að mestu leyti af tveimur þáttum:

Í maí síðastliðnum samþykkti Alþingi lækkingu á tekjuskattshlutfalli úr 18% í 15% frá og með 1. janúar 2008 og kemur breytingin til framkvæmda við álagningu ársins 2009. Vegna þessa hefur skatteign lækkað um 58 millj. kr. miðað við 31. desember 2007. Lækkunin var færð í rekstrarreikning á fyrri helming ársins 2008.

Í maí síðastliðnum samþykkti Alþingi að heimila félögum, að tilteknum skilyrðum uppfylltum, að draga frá skattskyldum tekjum hagnað af sölu hlutabréfa. Frádráttur er eingöngu heimill ef yfirfæranlegt skattalegt tap, þar með talið tap ársins, hefur verið jafnað. Heimildin gildir um söluhagnað sem myndast á árinu 2008 eða síðar. Áhrif þess á reikningsskil félagsins eru þau að ekki er lengur færð í efnahagsreikning félagsins tekjuskattsskuldbinding vegna eignarhluta í félögum. Auk þess er ekki færð skatteign vegna yfirfæranlegs skattalegs taps þegar líklegt er talið að það muni nýtast á móti hagnaði af sölu hlutabréfa. Vegna þessa hefur skatteign félagsins hækkað um 52 millj. kr. miðað við 31. desember 2007. Hækkunin var færð í rekstrarreikning á fyrri helming ársins 2008.

		2008		2007
		1.1.-30.6.		1.1.-30.6.
Virkt skatthlutfall greinist þannig:				
Hagnaður tímabilsins		979.312		2.963.691
Tekjuskattur tímabilsins		226.368		610.575
Hagnaður án tekjuskatts		1.205.680		3.574.266
Tekjuskattur samkvæmt gildandi skatthlutfalli	15,0%	180.852	18,0%	643.368
Breyting á skatthlutfalli úr 18% í 15%	4,8%	57.573	0,0%	0
Breyting á skattskyldu af söluhagnaði hlutabréfa (4,3%) (51.703)	0,0%	0
Áhrif hlutdeildarféлага	3,3%	39.646 (0,1%) (1.976)
Aðrir liðir	0,0%	0 (0,9%) (30.817)
Virkur tekjuskattur	18,8%	226.368	17,1%	610.575

Skýringar, frh.:

8. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Orkuver	Rafveitukerfi	Hitaveitu- og fersk- vatnskerfi	Aðrir rekstrar- fjármunir	Samtals
Kostnaðarverð					
Staða 1.1.2007	19.009.327	6.588.393	2.776.576	1.040.551	29.414.847
Viðbætur á árinu	3.909.669	567.584	674.776	57.628	5.209.657
Flutt af rekstrarfjárm. í byggingu	854.603	0	0	0	854.603
Selt og aflagt	0	(1.124.564)	0	(25.911)	(1.150.475)
Flutt af rafveitukerfum á orkuver	195.938	(195.938)	0	0	0
Staða 31.12.2007	23.969.537	5.835.475	3.451.352	1.072.268	34.328.632
Staða 1.1.2008	23.969.537	5.835.475	3.451.352	1.072.268	34.328.632
Endurmat	1.064.217	4.746.908	2.788.176	345.206	8.944.507
Jöfnun afskrifta	(2.791.154)	(1.141.983)	(789.528)	(172.106)	(4.894.771)
Viðbætur á tímabilinu	1.061.234	315.848	678.076	751.057	2.806.215
Selt og aflagt	0	0	0	(4.924)	(4.924)
Staða 30.6.2008	23.303.834	9.756.248	6.128.076	1.991.501	41.179.659
Afskriftir					
Staða 1.1.2007	1.974.017	1.000.094	634.654	249.683	3.858.448
Afskriftir ársins	817.137	239.134	154.874	52.890	1.264.035
Selt og aflagt	0	(97.245)	0	(15.099)	(112.344)
Staða 31.12.2007	2.791.154	1.141.983	789.528	287.474	5.010.139
Staða 1.1.2008	2.791.154	1.141.983	789.528	287.474	5.010.139
Jöfnun afskrifta	(2.791.154)	(1.141.983)	(789.528)	(172.106)	(4.894.771)
Afskriftir tímabilsins	493.358	123.538	73.233	50.927	741.056
Selt og aflagt	0	0	0	(4.197)	(4.197)
Staða 30.6.2008	493.358	123.538	73.233	162.098	852.227
Bókfært verð					
1.1.2007	17.035.310	5.588.299	2.141.922	790.868	25.556.399
31.12.2007 og 1.1.2008	21.178.383	4.693.492	2.661.824	784.794	29.318.493
30.6.2008	22.810.476	9.632.710	6.054.843	1.829.403	40.327.432

Rekstrarfjármunir í byggingu greinast þannig:

	Stækkun Reykjanesvirkjunar	
	2008	2007
Bókfært verð 1.1.	544.277	854.603
Viðbætur á tímabilinu / árinu	712.772	544.277
Flutt á orkuver	0	(854.603)
Bókfært verð 30.06.2008/ 31.12.2007	1.257.049	544.277

Skýringar, frh.:

8. Rekstrarfjármunir, frh.:

Endurmat

Í byrjun árs var framkvæmt endurmat rekstrarfjármuna þannig að virkjanir, dreifikerfi rafveitu, hitaveitu og vatnsveitu og fasteignir félagsins voru færðar til gangvirðis og bókfært verð þeirra hækkað um 8.945 millj. kr.

Ákvörðun gangvirðis

Mat á gangvirði rekstrarfjármuna er ákvarðað út frá tekjuaðferð eða sjóðsstreymisgreiningaraðferð þar sem vænt fjárstreymi viðkomandi rekstrareininga sem rekstrarfjármunir tilheyra er fært til núvirðis. Við núvirðisútreikninga er notuð vaxtaprósenta sem sam svarar vegnu meðaltali fjármagnskostnaðar, þ.e. kostnaður eigin fjár og skulda, að teknu tilliti til skatta. Notaðar voru afvöxtunarprósentur á bilinu 9,6% til 10,4%. Fjárstreymi var áætlað í samræmi við rekstraráætlanir næstu fimm ára og framtíðarvirði reiknað fyrir þau ár sem falla fyrir utan prófið. Í fjárstreyminu er gert ráð fyrir að vöxtur tekna fyrstu fimm árin verði á bilinu 4% til 8% og að framtíðarvöxtur verði 3% til 4,3%. Matið var unnið af óháðum matssérfræðingum.

Gangvirði fasteigna er markaðsverð þeirra samkvæmt verðmati sem unnið var af löggiltum fasteignasala.

9. Vaxtaberandi skuldir

Vaxtaberandi skuldir sundurliðast þannig:

<i>Langtímaskuldir</i>	30.6.2008	31.12.2007
Óveðtryggð bankalán	269.961	283.602
Óveðtryggð bankalán með fjárhagsskilyrðum	12.228.549	9.013.583
Óveðtryggð skuldabréfaútgáfa	3.715.037	2.848.326
Veðtryggð skuldabréfalán	651.366	0
Næsta árs afborgun	(280.536)	(341.725)
Vaxtaberandi langtímaskuldir samtals	<u>16.584.377</u>	<u>11.803.786</u>
 <i>Skammtímaskuldir</i>		
Næsta árs afborgun langtímaskulda	280.536	341.725
Yfirdráttarlán	213.542	509.886
Skammtímalánasamningur	795.891	0
Vaxtaberandi skammtímaskuldir samtals	<u>1.289.969</u>	<u>851.611</u>
Vaxtaberandi skuldir samtals	<u>17.874.346</u>	<u>12.655.397</u>

Skýringar, frh.:

9. Vaxtaberandi skuldir, frh.

Skilmálar vaxtaberandi skulda

Skuldir í erlendum gjaldmiðlum:

	Lokagjalddagi	30.06.2008		31.12.2007	
		Meðalvextir	Eftirstöðvar	Meðalvextir	Eftirstöðvar
Skuldir í CHF	2009-2021	3,0%	5.267.654	2,6%	3.755.837
Skuldir í EUR	2008-2021	5,1%	4.513.576	4,6%	3.180.867
Skuldir í USD	2017-2021	3,4%	3.812.555	4,5%	2.322.119
Skuldir í JPY	2009-2021	1,0%	1.515.050	0,8%	1.126.510
Skuldir í GBP	2017-2021	6,2%	766.001	6,0%	614.758
Skuldir í SEK	2021	5,4%	844.566	4,3%	592.017
Skuldir í CAD	2021	3,6%	456.773	5,2%	366.797
			<u>17.176.175</u>		<u>11.958.905</u>

Skuldir í íslenskum krónum:

Verðtryggðar	2010-2013	5,6%	484.629	5,8%	176.293
Óverðtryggðar	2008	20,0%	213.542	15,9%	520.199
			<u>698.171</u>		<u>696.492</u>

Vaxtaberandi skuldir samtals 17.874.346 12.655.397

Afborganir langtímalána greinast þannig á næstu ár:

	30.6.2008	31.12.2007
Afborganir 2008	280.536	341.725
Afborganir 2009	1.264.009	889.902
Afborganir 2010	1.526.527	1.083.877
Afborganir 2011	1.513.107	1.094.787
Afborganir 2012	1.508.284	1.088.975
Afborganir 2013	1.498.579	1.078.687
Síðar	<u>9.273.873</u>	<u>6.567.558</u>
Vaxtaberandi skuldir samtals, þ.m.t. næsta árs afborgun	<u>16.864.913</u>	<u>12.145.511</u>

10. Atburðir eftir uppgjörsdag

Fjármögnun

Í júlí 2008 gerði félagið samning við Evrópska þróunarbankann CEB um fjármögnun virkjanaframkvæmda. Heildarfjárhæð lánsloforðisins nemur allt að 20 millj. evra, þar af tók félagið lán að verðmæti 10 millj. evra í júlí 2008. Lánið var að meirihluta í bandarískum dollurum.

Skipting félagsins

Í maí 2008 voru samþykkt á Alþingi lög á auðlinda- og orkusviði. Samkvæmt lögnum ber meðal annars að aðskilja formlega í sérstökum félögum einkaleyfisstarfsemi félagsins og samkeppnisstarfsemi. Samkeppnisstarfsemi er framleiðsla og sala á raforku. Þessi aðskilnaður þarf að hafa farið fram fyrir 1. júlí 2009. Stjórn félagsins hefur hafið undirbúning að skiptingu félagsins.

11. Leiðrétting samanburðarfjárhæða

Eins og kom fram í skýringu 3 um reikningsskilaaðferðir hafa tilteknar samanburðarfjárhæðir í rekstrarreikningi og sjóðstreymisyfirlit verið endurgerðar frá síðasta árshlutareikningi til samræmis við framsetningu og beitingu reikningsskilaaðferða í ársreikningi 2007. Hér á eftir er gerð grein fyrir áhrifum þessara breytinga á rekstur tímabilsins 1. janúar til 30. júní 2007.

Afleiðusamningar

Mati á innbyggðum afleiðum í raforkusölusamningum var breytt miðað við lok árs 2006 sem leiddi til hækkunar á gangvirðisbreytingum afleiðusamninga í rekstri tímabilsins 1. janúar til 30. júní 2007 um 365 millj. kr.

Lotun tengigjalda

Í ársreikningi 2007 var aðferð við tekjufærslu á tengigjöldum breytt þar sem tengigjöld eru nú færð til tekna á 15 árum en voru áður tekjufærð þegar tenging átti sér stað. Þessi breyting lækkar rekstrartekjur tímabilsins 1. janúar til 30. júní 2007 um 67 millj. kr.

Tekjuskattur

Heildaráhrif vegna breytinga á tekjuskatti eru þau að eigið fé lækkar um 54 millj. kr. í árslok 2006.

Efnahagsreikningur

Fjárfestingar vegna stækkunar Reykjanesvirkjunar að fjárhæð 544 millj. kr. sem í ársreikningi 2007 voru flokkaðar meðal fastafjármuna hafa verið endurflokkaðar sem fastafjármunir í byggingu.